

Ísafirði, 10. desember 2004

Nefndarsvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Á fundi framkvæmdastjórnar Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ hinn 9. desember 2004 voru erindi um mál nr. 53 Tillaga til þingsályktunar um nýtingu stofnfrumna úr fósturvísu til rannsókna og lækninga og erindi um mál nr. 246 Frumvarp til laga um græðara tekin fyrir.

Mál nr. 53. Læknaráð stofnunarinnar hefur yfirfarið umræddar tillögur til þingsályktunar um nýtingu stofnfruma og fósturvísa og gera ekki athugasemd við hana.

Mál nr. 246. Læknaráð gerir athugasemd við 5. málsgrein 7. greinar, hvar stendur „Heilbrigðisstofnunum er heimilt að koma til móts við óskir sjúklinga sem vilja nýta sér heilsutengda þjónustu græðara þar sé það í samræmi við stefnu stofnunarinnar.” Við teljum eðlilegast að þessi málsgrein falli út. Það er engin ástæða til þess að gefa undir fótinn með störf græðara eða óhefðbundinna lækninga á sjúkrastofnunum hvar starfsemi er byggir á staðreyndastuddri læknisfræði (evidence base medicine) er rekin. Á tímum aðhalds og niðurskurðar verður erfitt að færa rök fyrir auknum kostnaði við rekstur heilbrigðisstofnana vegna starfsemi græðara er byggja ekki á svo kallaðri staðreyndastuddri læknisfræði.

Framkvæmdastjórn stofnunarinnar gerir með bréfi þessu álit Læknaráðs að sínu.

Virðingarfyllst,
f.h. framkvæmdastjórnar
Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ



Þróstur Óskarsson
framkvæmdastjóri
throstur@fsi.is